

Athugasemdir við uppfærð drög að málsatvikalýsingu vegna framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi

Þar sem svo skammur tími var gefinn fyrir skriflegar athugasemdir verður þetta í styttri kantinum. Fyrst vil ég undirritaður ítreka fyrri athugasemdir mínar dags. 10. nóvember sem lítið mið virðist hafa verið tekið af. Nánar um það hér fyrir neðan. Einnig er rétt að ítreka enn einu sinni gagnrýni mína á það verklag undirbúningsnefndarinnar að funda sífellt fyrir luktum dyrum þrátt fyrir yfirlýsingar nefndarformanns um annað þann 4. október, sjá <https://www.visir.is/g/20212165346d>. Þar sagði hann m.a. að nefndarmenn væru „að meginstefnu til á því að starfið eigi að vera sem gagnsæjast og nefndarfundir opnir þegar að hægt er.“ Það verður seint sagt að staðið hafi verið við þessar yfirlýsingar en kærendum beinlínis haldið frá upplýsingum og útskýringum sem málsaðilar hafa látið frá sér fara á fundum með nefndinni. Þetta hefur því miður skapað vantraust yfir störfum nefndarinnar.

1. Um talningarsalinn. Eins og segir í athugasemd minni frá 10. nóvember er ekki auðvelt að átta sig á aðstæðum þar sem atkvæði voru talin í Norðvesturkjördæmi. Í drögum að málsatvikalýsingu er ekki kveðið á um það hvort að flokkun atkvæða og talning hafi farið fram **fyrir luktum dyrum** eins og lög kveða á um. Sú lýsing að salirnir væru aðskildir „með léttum skilrúmum“ og inngangur „stúkaður af með borðum“ gefur helst í skyn að flokkun og talning atkvæða hafi **ekki** farið fram fyrir luktum dyrum. Það hlýtur að vera hægt að kveða skýrar á um þetta atriði.
2. Um fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis. Fram hefur komið að fundargerð og gerðarbók var mjög ábótavant og misvísandi upplýsingar sem þar koma fram. Í drögunum er ekki nægilega skýrt útlistað hvað vantar að færa til bókar og engin tilraun virðist gerð til að meta hvað sé rétt og hvað ekki. Það er fulltrúar í yfirkjörstjórn séu ósammála um grundvallaratriði sem varða endurtalningu atkvæða hlýtur eitt og sér að vera alvarlegur annmarki á málinu.
3. Um rangt flokkuð atkvæði og lögreglurannsókn. Ekki er að sjá í drögum þessum nákvæma lýsingu á því hvað rannsakað var af lögreglu annað en augljós atriði eins og það hvenær hurðum var læst og hvenær fólk var í salnum. Kæran gaf tilefni til rannsóknar á því hvort um væri að ræða alvarlegt misferli og því hefði mátt eiga von á ítarlegri rannsókn á samskiptum og samtölum að morgni sunnudagsins 26. september. Hvergi er vikið að þessu í drögum að málsatvikalýsingunni. Voru málsaðilar yfirheyrðir eða látið duga að ræða við þá óformlega? Voru misvísandi upplýsingar þeirra kannaðar m.t.t. þess hvað var rétt og hvað ekki? Þessar upplýsingar vantar í drögin.

Virðingarfyllst,

Reykjavík 18. nóvember 2021.

Sigurður Hreinn Sigurðsson.